



Dalabyggð

GJALDSKRÁ

LÍTIL MATVÆLAVINNSLA Í TJARNARLUNDI

Í Tjarnarlundi í Saurbæ er að finna vottað eldhús sem samkvæmt reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli nr. 856/2016 flokkast sem lítil matvælavinnsla.

Lítil matvælavinnsla: *Vinnsla sem vinnur afurðir úr jurtaríkinu, hunangi og/eða samsett matvæli úr jurtaríkinu, að hámarki úr 300 kg af hráefnum úr dýraríkinu á viku.*

Heimilt er að vinna eftirfarandi matvæli til sölu, þ.e. meðhöndlun, vinnsla og pökkun:

- *Bakstur*
- *Sultur og saft*
- *Hunang*
- *Korn, grænmeti, ávextir, ber og jurtir*
- *Ferskostar*

Hver sá sem hefur áhuga getur leigt aðstöðuna til að vinna þar matvöru sem samræmist starfsleyfi hússins.

Við bendum nýjum framleiðendum sem hyggja á sölu matvæla, að hafa samband t.d. við ráðgjafa MATÍS eða atvinnuráðgjafa SSV í upphafi til að vera komin með leyfis- og markaðsmál sín á hreint fyrir sölu.

Verðskrá - Afnot af vottuðu eldhúsi	
7.750 kr.-	½ dagur (6 klst)
13.500 kr.-	Heill dagur (12 klst)

Notandi skal ávallt hafa samband við húsvörð í gegnum tölvupóst til að panta tíma í matarsmiðju með a.m.k. viku fyrirvara.

Matarsmiðjan er staðsett í öðrum enda hússins, ekki er ætlast til að leigjendur gangi um aðra hluta hússins, enda er rekin þar önnur starfsemi – sjá nánar í gæðahandbók.

Allir sem leigja aðstöðu í matarsmiðjunni verða að fylgja þeim reglum sem þar eru og skrifa undir yfirlýsingum um það áður en þeir fá aðstöðuna til afnota.

Gjaldskrá staðfest á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 17.12.2024


Björn Bjarki Þorsteinsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar

